Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024

Umsagnir og athugasemdir

1 Umsagnir

1.1 Flugmálastjórn Íslands

1.2 Skipulagsstofnun

1.3 Umhverfisstofnun

1.4 Veðurstofa Íslands

1.5 Vegagerðin

1.6 Landsnet

1.7 Fornleifavernd ríkisins

2 Athugasemdir

2.1 Hörður Einarsson

2.2 Sæmundur Þórðarson, landeigandi Stóru-Vatnsleysu

2.3 Landeigendur að Heiðarlandi Vogajarða

2.4 Landeigandi að jörðunni Hvassahrauni

MÓTTEKIÐ
09. AGÚ 2012
Sandgerðisbær

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration

Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Ísland/Iceland

Sími/tel. +354 569 4100
fax +354 562 3619
www.caa.is

Sandgerðisbær
Ólafur Þór Ólafsson,
varaformaður
Varðan
Miðnestorg 3
245 SANDGERÐI

Tilv. yðar	Dags.
Tilv. vor FMS12070192	Dags. 7. ágúst 2012
Bréfalykill: 630	

Efni: Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 - 2024

Flugmálastjórn Íslands hefur yfirfarið auglýsta tillögu Samvinnunefndar um Svæðisskipulag Suðurnesja að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2024. Flugmálastjórn gerir engar athugasemdir við skipulagstillöguna.

Með kveðju

Þröstur V. Söring

Þröstur Valmundsson Söring
Eftirlitsmaður

Skipulags stofnun

Svæðisskipulag Suðurnesja
Ólafur Þ. Ólafsson
Bæjarskrifstofur Sandgerðisbæjar
Vörðunni Miðnestorgi 3
245 Sandgerði

Reykjavík, 11. september 2012

Tilvísun:2008020033 /

Efni: Umsögn um umhverfisskýrslu vegna tillögu að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024

Vísað er til erindis samvinnunefndar svæðisskipulags Suðurnesja dags. 20. júlí 2012 þar sem Skipulagsstofnun er send til umsagnar skv. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, umhverfisskýrsla vegna tillögu að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024. Tillagan er í auglýsingu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við umhverfisskýrsluna en mun yfirfara öll málsgögn þegar þau berast að lokinni afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar eftir auglýsingu skv. skipulagslögum.

Minnt er á að við endanlega samþykkt skipulagsáætlunarinnar þarf að liggja fyrir greinargerð svæðisskipulagsnefndar um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir

Afrit: Stefán Gunnar Thors, VSÓ

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Sími: 595 4100
Fax: 595 4165

Kennitala: 590269 - 5149
Tölvupóstur: skipulag@skipulag.is
Heimasíða: www.skipulag.is

Stefán Gunnar Thors VSÓ

From: Vsó Póstur
Sent: 27. september 2012 19:09
To: Stefán Gunnar Thors VSÓ
Subject: FW: Tillaga að svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 -2024. Greinargerð. Umsögn

Þessi póstur barst á almenna netfangið...

Kveðja,
Helena

From: Kristín S Jónsdóttir [mailto:kristins@Umhverfisstofnun.is]
Sent: fim. 27.9.2012 16:20
To: oto@sandgerdi.is
Cc: Vsó Póstur
Subject: Fw: Tillaga að svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 -2024. Greinargerð. Umsögn

Sæll

hér kemur umsögn um ofangreint erindi. Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur teið að svara erindinu,

með kveðju

Kristín S Jónsdóttir

Bréf

Sandgerðisbær
Ólafur Þór Ólafsson
Vörðunni, Miðnestorgi 3
245 Sandgerði

Reykjavík, 27. september 2012
UST20120700172

Efni: Tillaga að svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 -2024. Greinargerð. Umsögn

Vísað er til erindis samvinnunefndar um Svæðisskipulag Suðurnesja 2008 – 2024 er barst 23. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2024.

Náttúruverndarsvæði

Í umfjöllun um náttúruverndarsvæði kemur fram að í svæðisskipulagsáætluninni verði áhersla á frumkvæði heimamanna hvað varðar framtíðarverndun og/eða friðlýsingu náttúru á Suðurnesjum. Í umfjölluninni segir: *„Friðlýsing felur í sér takmarkanir á landnotkun og hún þarf einnig að fela í sér skýra framtíðarsýn á aðgengi og viðhald viðkomandi svæða.*“ Einnig kemur fram að; *„ Það er stefna svæðisskipulagsins að vinna ekki að óbreyttu að friðlýsingu svæða á Suðurnesjum eins og þau eru afmörkuð í þingsáætlun um náttúruverndaráætlun 2009 – 2013 (Alþingi, 2009). Í stað þess er lögð fram stefna um jarðvang (geopark) sem nær yfir öll Suðurnesin.“* Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsing annars vegar og stofnun jarðvangs hins vegar eru tvær afar ólíkar stefnur varðandi verndun náttúruminja. Að mati Umhverfisstofnunar er það mjög miður að ekki skuli stefnt að friðlýsingu samkvæmt stefnumörkun stjórnvalda enda eru verndarhagsmunir enn mjög miklir innan landssvæðis svæðisskipulagsins að mati stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsing er ein tegund landnýtingar og telur stofnunin að hægt sé að stefna áfram að friðlýsingu þeirra svæða er um ræðir enda felur friðlýsingin í sér að samkomulag milli landeigenda, sveitarfélaga og ríkisins.

Í umfjöllun náttúruverndarsvæði eru talin upp náttúruvætti, fólkvangur og friðland innan svæðisskipulagssvæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að austasta horn svæðisskipulagssvæðisins er innan Bláfjallafólkvangs.

Háhitasvæði og orkuvinnsla

Í umfjöllun um nýtingu jarðhita kemur eftirfarandi fram: *„Hröð tækniþróun er í nýtingu jarðhita og þekking á eðli hans eykst hröðum skrefum. Þessi þróun getur gert virkjun jarðhitans mögulega með sífellt minni umhverfisáhrifum auk bættrar nýtingar orkunnar. Aukin þekking stuðlar einnig að sjálfbærari nýtingu.“* Að mati Umhverfisstofnunar þurfa útskýringar að fylgja ofangreindri fullyrðingu, þar sem virkjun jarðhita á Reykjanesi hafa fylgt neikvæð umhverfisáhrif sem erfitt hefur verið að leysa úr s.s. förgun affallsvatns í Svartsengi.

Umhverfisstofnun er ekki hlynnt orkunýtingu innan Reykjanesfólkvangs og er ekki hlynnt ágengri orkunýtingu á svæðum á náttúruminjaskrá, sem hefur í för með sér rýrnun á verndargildi svæðanna. Stofnunin bendir einnig á að þótt stefnt sé á sjálfbæra nýtingu háhitasvæða í svæðisskipulagi Suðurnesja, þá er nýting í Svartsengi og á Reykjanesi ágeng orkunýting. Í Svartsengi hafa verið vandkvæði með förgun affallsvatns frá virkjun og Bláa Lóninu og stöðugt verið að bora nýjar niðurdælingaholur. Einnig hefur affallsvatn flætt um hraun og í hraungjótur og haft óafturkræf áhrif á gróðurlendi s.s. mosa en einnig á hraun sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf umgengni á virkjanasvæðum að taka mið af því að ganga vel um jarðhitasvæði og að svæðunum sé skilað til næstu kynslóða án óþarfa röskunar á jarðminjum við uppbyggingu jarðhitanýtingar. Á Reykjanesi hefur virkjanasvæðið orðið fyrir mikilli röskun bæði vegna sjálfrar virkjunarinnar en einnig vegna eldri framkvæmda. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að í svæðisskipulagi Suðurnesja komi fram tímasettar áætlanir um förgun affallsvatns frá Svartsengi til framtíðar. Einnig hefur aukin yfirborðsvirkni haft mikil áhrif á hverasvæði Gunnuhvers og aðliggjandi svæði, og telur Umhverfisstofnun mikilvægt fyrir svæðið að slík röskun verði ekki umhverfis nýjar virkjanir ef til þeirra kemur.

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu svæðisskipulagsins um að nýting jarðhitaauðlindarinnar skuli vera sjálfbær og að sú stefna byggi á því að fyrir sérhvert jarðhitasvæði séu til vinnslumörk þar sem vinnsla er í jafnvægi í langan tíma (100 – 300 ár). Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þessi mörk verði skilgreind sem fyrst fyrir starfandi jarðvarmavirkjanir á svæðiskipulagssvæðinu.

Veitur

Í markmiðum um veitur og samgöngur, er eitt af markmiðunum að: *„Samnýta flutningsleiðir mismunandi þjónustukerfa eins og kostur er og að tekið verði tillit til umhverfisins við afmörkun flutningsleiða.”* Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt eins og fram kemur í markmiðunum að samnýta flutningsleiðir. Stofnunin undirstrikar mikilvægi þess að línuleiðir sem nú þegar eru nýttar, verði nýttar ef/þegar raforkulínur bætast við á svæðisskipulagssvæðinu.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að Sandgerðisbær og Reykjanesbær áformi að ráðast í frekari uppbyggingu fráveitukerfa. Einnig kemur fram í markmiðum að fyrirkomulag fráveitu verði skoðað heildstætt á Suðurnesjum.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í greinargerð komi fram, hvert ástand sé á fráveitum í þeim sveitarfélögum sem tilheyra svæðisskipulaginu og að markmið um úrbætur séu tímasett. Umhverfisstofnun vísar til reglugerðar nr. 798 frá 1999 um kröfur um hreinsun og í reglugerðinni eru einnig kröfur um tímamörk.

Forsendur

Í kaflanum samfélag undir forsendur, kemur fram að sveitarfélögin á Suðurnesjum reki saman sorpbrennslustöðina Kölku og einnig kemur fram að þar sé 2/3 hlutum af úrgangi frá Suðurnesjum brennt. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi hvar og hvernig öskunni frá Kölku er fargað.

Virðingarfyllst

_____

Aðalbjörg B Guttormsdóttir

Stefán Gunnar Thors VSÓ

From: Ólafur Þór Ólafsson <oto@sandgerdi.is>
Sent: 6. september 2012 08:58
To: Stefán Gunnar Thors VSÓ
Subject: FW: Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja - svar VÍ
Attachments: Tillaga að svæðisskipulagi Suðurnesja - umsögn VÍ.doc

Sæll

Rétt að senda þetta áfram til þín.

Kv.
ÓÞÓ

From: Barði Þorkelsson [mailto:bardi@vedur.is]
Sent: 5. september 2012 15:54
To: oto@sandgerdi.is
Subject: Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja - svar VÍ

Sæll Ólafur,

Engar athugasemdir frá Veðurstofu Íslands um tillögu að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 eins og fram kemur í meðfylgjandi viðhengi.

Með kveðju.

f.h. Árna Snorrasonar forstjóra,

Barði Þorkelsson

Með bréfi dags. 20. júlí sl. barst Veðurstofu Íslands tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024.

Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Svæðisskipulag Suðurnesja
Bæjarskrifstofur Sandgerðisbæjar
Vörðunni, Miðnestorgi 3
245 Sandgerði

Reykjavík, 15. ágúst 2012
Tilvísun: 2011010044
HF/

MÓTTEKIÐ
20. ágú 2012
Sandgerðisbær

Efni: Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024

Með bréfi dagsettu 20. júlí 2012 er, í samræmi við 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, óskað umsagnar um ofannefnt mál . Vísað er í bréfinu til aðgangs að greinargerð um tillöguna og umhverfisskýrslu á heimasíðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum á slóðinni www.sss.is.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við efnisatriði þessara gagna.
Í ofannefndum gögnum er þó haldið fram, að athugasemd hafi ekki borist frá Vegagerðinni á seinasta ári, þegar svæðisskipulagið var fyrst kynnt umsagnaraðilum. Hið rétta er að Vegagerðin sendi umsögn sem dagsett var 11. nóvember 2011, sbr. meðfylgjandi afrit.

Virðingarfyllst,

Hilmar Finnsson
deildarstjóri áætlanadeildar Suðvestursvæðis

Svæðisskipulag Suðurnesja
Bæjarskrifstofur Garðs
Sunnubraut 4
250 Garði

Reykjavík, 11. nóvember 2011
Tilvísun: 2011010044
HF/

Efni: Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024, kynning á drögum.

Með bréfi dagsettu 27. október 2011 er ofannefnt mál kynnt ásamt viðeigandi umhverfisskýrslu, í samræmi við 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað er í bréfinu til aðgangs að framangreindum gögnum ásamt verkefnislýsingu skipulagsvinnunnar á heimasíðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum á slóðinni www.sss.is.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við efnisatriði þessara gagna..

Gert er ráð fyrir í samræmi við vegalög, að haft verði samráð við Vegagerðina um þau atriði svæðisskipulagsins, er kunna að varða þjóðvegi á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Hilmar Finnsson
deildarstjóri áætlanadeildar Suðvesturvæðis

LANDSNET

Bæjarskrifstofur Sandgerðisbæjar
v. Svæðisskipulags Suðurnesja
Varðan, Miðnestorgi 3
243 Sandgerði

Reykjavík, 25.09.2012
11.18

Umsögn Landsnets um Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024

Vísað er til erindis Samvinnunefndar Svæðisskipulags Suðurnesja frá 20. júlí 2012 þar sem óskað er umsagnar Landsnets um tillöguna.

Landsnet vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

1. Í kafla um aðgerðir vegna sameiginlegra atvinnusvæða kemur fram að huga þarf að fyrirkomulagi raforkuflutninga að atvinnusvæðum A (Ásbrú norður) og C (Keilisnesi).

   Samkvæmt skipulaginu er gert ráð fyrir stóriðju og orkufrekum iðnaði á atvinnusvæði C (Keilisnesi). Því þarf að gera ráð fyrir tengingu svæðisins við meginflutningskerfi Landsnets. Á þessu stigi mætti sýna þar tengingu þó hún væri einungis skematísk.

   Landsnet hefur í sínum áætlunum gert ráð fyrir flutningsleið raforku frá fyrirhuguðu tengivirki á Njarðvíkurheiði suður og vestur fyrir flugvallarsvæðið að atvinnusvæði A (Ásbrú Norður). Í svæðisskipulaginu er þessi leið sýnd sem möguleg lagnaleið á korti um samgöngur á bls. 20 og korti um veitur og orkuvinnslu á bls. 21. Línuleiðin er nú þegar á samþykktu aðalskipulagi Sandgerðisbæjar en hluti leiðarinnar er í Reykjanesbæ og hefur ekki verið færður inn á aðalskipulag Reykjanesbæjar.

   Landsnet leggur til að þessar tengingar verði einnig sýndar á korti um atvinnusvæði á bls. 5, þar sem aðrar lagnaleiðir eru sýndar þar.

2. Í kafla um háhitasvæði og orkuvinnslu segir að innan skipulagssvæðisins séu sex virkjanakostir háhita; Reykjanes, Stóra-Sandvík, Eldvörp, Sandfell, Sveifluháls (Krýsuvík) og Trölladyngja. Í skipulaginu er sett fram stefna um orkuvinnslu á þessum svæðum sem felur í sér að skoða skuli möguleika á orkuvinnslu sem fellur að markmiðum um atvinnuuppbyggingu og nýtingu auðlinda.

   Landsnet bendir á að um leið og gert er ráð fyrir orkuvinnslu þarf að huga að fyrirkomulagi raforkuflutnings frá virkjunum inn á meginflutningskerfi Landsnets. Landsnet leggur til að bætt verði inn í kaflann texta þess efnis eða vísað í kafla um flutningskerfi raforku.

3. Í kafla um veitur og samgöngur er fjallað um flutningskerfi raforku. Texti í leiðarljósi svæðisskipulagsins þess efnis að flutningskerfi raforku verði samræmt með áherslu á hagkvæmni, þjónustugæði og afhendingaröryggi fellur ágætlega að stefnu Landsnets.

IST ISO 9001

Stefna um afmörkun á meginflutningsleiðum raforku þar sem fleiri línur geti byggst upp innan þeirra, er að mörgu leyti góð, en Landsnet vill benda á að þar með hefur verið tekið fyrir möguleika á aðskildum flutningsleiðum á svæðinu, en slíkt eykur mjög afhendingaröryggi raforku.

Í kaflanum er fjallað um að huga þurfi að raforkuflutningi vegna uppbyggingar atvinnusvæðis A (Ásbrú norður) og mögulegrar iðnaðaruppbyggingar í Sandgerðisbæ. Landsnet ítrekar að einnig þarf að huga að tengingu atvinnusvæðis C (Keilisness), ef ætlunin er að þar séu stórnotendur raforku sem Landsneti ber skylda til að tengja við flutningskerfið samkvæmt ákvæðum raforkulaga.

4. Í kafla um flutningskerfi raforku er lögð fram tillaga um að litið verði til þess að flytja raforku frá orkuvinnslusvæði við Trölladyngju, Sandfell og Sveifluháls stystu leið og fylgja Krýsuvíkurvegi/ Kleifarvatnsvegi að meginflutningskerfi Landsnets í Hafnarfirði. Helstu rök þessarar tillögu eru að: *„fylgt er núverandi mannvirkjabelti og því dregið úr umhverfisáhrifum og leiðin styttri en meðfram Suðurstrandavegi og því hagkvæmari. Þá gefur sú leið jafnframt möguleika á að liggja að öllu leyti utan náttúruverndar- og vatnsverndarsvæða, en þá mun hún hinsvegar ekki fylgja núverandi mannvirkjabelti alla leið að tengivirki."* Í skipulaginu segir einnig um sömu leið: *„Þrátt fyrir þessa stefnu samvinnunefndarinnar þarf að huga að mörgum þáttum áður en ákvörðun verður tekin um lagnaleiðir frá Trölladyngju, Sandfelli og Sveifluhálsi og útfærslu þeirra. Lega lagnaleiðar frá Sveifluhálsi/Krýsuvík er hugmynd sem samvinnunefndin hefur lagt fram (sjá bls. 21). Þessi hugmynd felur ekki í sér staðbundna ákvörðun um legu háspennulína. Ítarlegri upplýsingar þurfa að liggja fyrir áður en ákvörðun um legu verður tekin, s.s. um stærð, staðsetningu og forgangsröðun virkjana."*

   Landsnet bendir á að sú leið sem lögð er fram í skipulaginu er aðeins ein þeirra leiða sem skoðuð hefur verið vegna orkuflutnings frá fyrirhuguðum virkjunum við Trölladyngju, Sandfell og Sveifluháls. Landsnet bendir einnig á að leiðin sem sýnd er á skýringarmyndum endar ekki í tengivirki Landsnets eins og hún þarf að gera. Landsnet bendir einnig á að leiðin er innan Reykjanesfólkvangs og því á náttúruminjasvæði og einnig mun línan fara um vatnsverndarsvæði höfuðborgarinnar og líklega hverfisverndarsvæði í Hafnarfirði. Þá bendir Landsnet einnig á að ekki er víst að þessi leið sé styttri, hagkvæmari eða betri m.t.t. umhverfismála en aðrar leiðir sem til skoðunar hafa verið.

5. Við skoðun svæðisskipulagsins virðist sem með skipulaginu sé ætlunin að skilgreina eingöngu megin lagnaleiðir í skipulaginu, en heimilt sé að tengja einstakar virkjanir og atvinnusvæði án þess að breyta þurfi Svæðisskipulagi, ef niðurstaðan er að lokum sú að aðrar leiðir eru taldar betri, og svo fremi sem viðkomandi aðalskipulagsáætlunum sé breytt. Hið sama gildir um um „mögulegar lagnaleiðir", sem settar eru fram á skematískan hátt. Í kafla um aðgerðir vegna raforkuflutnings kemur fram að þegar *„frekari upplýsingar liggja fyrir um orkuþörf á Ásbrú norður og iðnaðarsvæði í Sandgerði vestan flugvallar, er metin þörf á flutningsleið sunnan og vestan flugvallarins úr tengivirki á Njarðvíkurheiði (sjá kort bls. 21). Í þeirri skoðun yrði jafnframt tekin ákvörðun um það hvort um sé að ræða loftlínu eða jarðstreng. Um er að ræða samráðsverkefni Sandgerðisbæjar, Reykjanesbæjar, Keflavíkurflugvallar og Sveitarfélagsins Garðs."*

   Landsnet bendir á að við slíka útfærslu, líkt og við aðrar útfærslur, er mikilvægt að samráð sé haft við fyrirtækið eins snemma og kostur er.

6. Umhverfisskýrsla: Í tengslum við umfjöllun um flutning raforku frá orkuvinnslusvæðinu við Trölladyngju/Sandfell/Sveifluháls vísar Landsnet í athugasemdir við kafla um flutningskerfi raforku. Landsnet bendir einnig á að umfjöllun um þessa lagnaleið er að hluta til tvítekin í kafla um valkosti til

samanburðar. Landsnet áskilur sér rétt til að fjalla um í umhverfismati alla þá kosti sem til greina koma, þegar farið verður að huga að framkvæmdum við umræddar virkjanir.

Í kafla um valkosti til samanburðar segir m.a.: *„Sú ákvörðun að stefna að ákveðnum lagnabeltum er talin hafa minni neikvæð umhverfisáhrif í för með sér en að ólík veitukerfi fari um óbrotið land. Með þessari ákvörðun er verið að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum sem felast í mannvirkjagerð, og í umhverfismatinu er það talið veigameiri þáttur en viðbótarkostnaður sem kann að hljótast af því að fara ekki stystu leið með flutningskerfin."*

- Í þessu samhengi bendir Landsnet á að ein af skyldum fyrirtækisins skv. raforkulögum nr. 65/2003 er að byggja upp flutningskerfið á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku og ítrekar athugasemd í tl. 3, 2. mgr.

7. Benda má á að Landsnet gerir ráð fyrir ljósleiðaratengingu meðfram Suðurnesjalínu 2.

8. Í kafla um tengsl við aðrar áætlanir bendir Landsnet á eftirfarandi:
   - Í greinargerð aðalskipulags Grindavíkurbæjar er gert ráð fyrir háspennutengingu milli Svartsengis og fyrirhugaðrar virkjunar í Eldvörpum. Ekki er gerð grein fyrir þessari tengingu í Svæðisskipulagi.
   - Í aðalskipulagi Sandgerðisbæjar er gert ráð fyrir línuleið sem aðeins er sýnd sem möguleg línuleið í svæðisskipulaginu.
   - Landsnet bendir á kerfisáætlun Landsnets 2011-2015.

Virðingarfyllst,

Árni Jón Elíasson

Stefán Gunnar Thors VSÓ

From: Stefán Gunnar Thors VSÓ
Sent: 30. janúar 2013 11:28
To: Stefán Gunnar Thors VSÓ
Subject: FW: Svæðisskipulag Suðurnesja 2008 – 2024. Greinargerð og Umhverfisskýrsla.

Bréf

Samvinnunefnd Svæðisskipulags Suðurnesja
Sunnubraut 4
250 Garður

Reykjavík, 22. nóvember 2012
2011110011

Efni: Svæðisskipulag Suðurnesja 2008 – 2024. Greinargerð og Umhverfisskýrsla.

Fornleifavernd ríkisins barst í sumar erindi frá Samvinnunefnd Svæðisskipulags Suðurnesja þar sem óskað var eftir umsögn um ofangreint Svæðisskipulag. Vegna mikilla anna, sumarfría og fámennis innan stofnunarinnar var því ekki svarað innan tilskilinna tímamarka. Undirrituð fékk fyrir örfáum dögum nýja greinargerð og umhverfisskýrslu skipulagsins í hendurnar, bæði dagsett í nóvember 2012. Ekki verður hjá því komist að gera athugasemdir við skipulagstillöguna eins og hún er lögð fram, þar sem menningarminjar, bæði friðaðar og friðlýstar fornleifar, virðast hafa orðið algerlega útundan við skipulagsgerðina.

Athugasemdir við Greinargerð.

Auðlindir, bls. 7

Hér vantar kafla um friðlýstar fornleifar. Friðlýstar fornleifar eru fornleifar sem hefur verið friðlýst sérstakleg með þinglýsingu. Þær eru því svipaðar minjum á náttúruminjaskrá.

Í 11. grein Þjóðminjalaga nr. 107/2001 stendur:

... Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. **Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort.**

Friðlýstar fornleifar eru því skörinni hærra en en venjulegar friðaðar fornleifar sem falla undir 100 ára reglu þjóðminjalaganna (9. gr.) :

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á ... Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Á Suðurnesjum eru eftirfarandi fornleifar friðlýstar og því skylt að merkja inn á skipulagskort og ætti einnig að merkja inn á kort á bls 8, verndarsvæði:

Krýsuvík. I) *a. Leifar Krýsuvíkur hinnar fornu, vestur af Krýsuvíkurbergi, í Húshólma og Kirkjulágum. b. Fornt garðlag í Óbrennishólma, vestur af Húshólma. c. Gestsstaðir, eyðibýli vestur af núverandi Krýsuvík, við Sveifluháls. d. Túngarðsleifar eyðibýlisins Kaldrana við Kleifarvatn.* Sbr. Árb. 1903: 49-50. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.
II) *1. Rústir Norðurkots, norður frá kirkjunni. 2. Dysjar tvær eða vörður ("Krýs og Herdís") austan Kerlingardals, um hálftíma gang fyrir vestan Sýslustein.* Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964. III) Krýsuvíkurkirkja; tekin á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 29.09.1964. Ekki þinglýst. Bréf sýslum. 26.09.1990. Friðlýsingin er ógild. Brann. Má taka út af skrá.

2200 KEFLAVÍK

Keflavíkurkaupstaður. *Hið gamla bæjarstæði jarðarinar Keflavíkur, sem afmarkast af Grófinni að norðan, af Duusgötu og lóð Duusgötu 5 að austan, af Vesturbraut að sunnan og lóðunum Vesturbraut 6 og Grófinni 5 að vestan. Stærð landsins er um 5.196 m^2. Friðlýst samkvæmt samþykki bæjarstjórnar Keflavíkur 24. apríl 1984.* Skjal undirritað af ÞM 28.04.1987. Þinglýst 06.05.1987.

2300 GRINDAVÍK

Hóp. *"Goðahús" svo nefnt á Vesturbæjarhlaðinu, nú fjós*. Sbr. Árb. 1903: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

Hraun. *Lítil rúst í Kapellulág, við veginn upp á Siglubergsháls*. Sbr. Árb. 1903: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

Húsatóftir. *"Útilegumannabæli", svo nefnt, í hraunkvos norðvestur af túninu*. Sbr. Árb. 1903: 45-46. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

Ísólfsskáli. *Verbúðatóftir, fiskbyrgi, fiskigarðar og önnur gömul mannvirki í hinni fornu verstöð á Selatöngum.* Skjal undirritað af KE 01.09.1966. Þinglýst 05.09.1966.

Staður. *Festarstólpi úr járni, festur í klöpp við höfnina*. Sbr. Árb. 1903: 45. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

2400 NJARÐVÍK

"Stóri-skjólgarður", grjóthlaðinn krossgarður rétt sunnan Suðurnesjavegar, suð-austur frá Innri-Njarðvík. Skjal undirritað af ÞM 30.04.1987. Ekki þinglýst.

2503 MIÐNESHREPPUR

Stafnes. *a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes*. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. *b. "Lögrjetta", svo nefnd, forn hringur í Stafness-túni, fyrir norðan bæinn*. Sbr. Árb. 1903: 39-40. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

2504 GERÐAHREPPUR

Útskálar. *Akurlönd forn, á Garðskaga. Minjarnar hafa ekki sést lengi; búið að rækta þarna. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).* Sbr. Árb. 1903: 35-36. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

2506 VATNSLEYSUSTRANDARHREPPUR

Kálfatjörn. *Fjárborg, sem kölluð er Staðarborg, 2-3 km frá bænum og í stefnu þaðan á Dyngjur.* Skjal undirritað af KE 23.04.1951. Ekki þinglýst. *Ógild friðlýsing. Sbr. bréf sýslum. 24.07.1990.*

Kort á bls. 14: Hér ætti einnig að merkja inn friðlýstar fornleifar.

Í kaflanum **Flutningskerfi raforku** segir á bls 17: “Svæðisskipulagsnefndin leggur þó fram tillögu um að litið verði til þess að flytja raforku frá orkuvinnslusvæðinu stystu leið og fylgja Krýsuvíkurvegi/Kleifarvatnsvegi að meginflutningkerfi Landsnets í Hafnarfirði.”

Fornleifavernd ríkisins bendir á að við þessa leið eru friðlýstar fornleifar túngarðs bæjarins Kaldrana (sjá ofar undir Krýsuvík) auk annarra fornleifa. Einnig eru fjöldi fornleifar við, á og kringum Sveifluháls sem nefnd er sem önnur möguleg leið.

Í kaflanum **Samfélag, bls 32** er stuttlega minnst á búsetu- og mannvirkjaminjar. Þar er nefnt að mikilvægt sé að huga að slíkum minjum. Það er vissulega rétt en þar sem ekkert er hugað að slíku í skýrslunni þrátt fyrir að töluvert sé til af gögnum vill undirrituð benda á útgefnar skýrslur um fornleifaskráningu á Reykjanesi, flestar kostaðar af sveitarfélögunum sem eru taldar upp í fylgiskjali. Þessar skýrslur geyma aragrúa af upplýsingum um tegundir og staðsetningu þúsunda fornleifa á svæðinu sem leggja má mat á og marka stefnu um í svæðisskipulagi svæðisins. Auk þess má finna upplýsingar um menningarminjar og fornleifar í Árbókum fornleifafélagsins og Ferðafélags Íslands.

Athugasemdir við Umhverfisskýrslu

Bls 5. Matsvinna og forsendur mats. Hvergi kemur fram í þessum kafla eða þeim þrem töflum sem þar eru að menningarminjar hafi verið lagðar til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum skipulagsins. Á heimasíðu Skipulagsstofnunar má finna almennar leiðbeiningar um skipulagsmál (http://www.skipulagsstofnun.is/skipulagsmal/) Þar segir meðal annars: Í skipulagsáætlun er gerð grein fyrir stefnu sveitarstjórnar og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands, s.s. fyrirkomulagi byggðar, samgöngum og verndun **menningar-** og náttúruminja. Lýsa skal forsendum ákvarðana í skipulagi og gera grein fyrir áhrifum þeirra á umhverfið, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði valkosta sem koma til greina. Ljóst er að ekki hefur verið gerð grein fyrir áhrifum Svæðisskipulags Suðurnesja á menningarminjar.

Bls. 8. Tafla 4. Helstu viðmið í vægismati umhverfisáhrifa svæðisskipulagsins. Hér vantar: Evrópusamning um vernd fornleifaarfsins og Skrá um friðlýstar fornleifar. Einnig má benda á að Húsafriðunarlög, Feneyjarskráin og skrá um friðuð hús sem finna má á heimasíðu Húsafriðunarnefndar ríkisins ættu líka að vera lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum skipulags.

5. kafli. Umhverfismat skipulagsins

bls. 11 undir kaflanum **Atvinna**, er undirkaflinn 5.1.2 fornleifar þar sem fjallað er um fornleifar á atvinnusvæðum. Einungis er sagt frá fornleifum á svæði A, ekkert er fjallað um svæði B, C og D en fornleifar er að finna á öllum þessum svæðum sem taka þarf afstöðu til áður en til framkvæmda kemur. Á bls 12 er fjallað um niðurstöður mats á áhrifum atvinnusvæða og þar kemur aftur fram að fornleifar sé að finna á svæði A en tekið fram að ekki sé um friðlýstar fornleifar að ræða. Rétt er að benda á að allar fornleifar eru friðaðar skv. þjóðminjalögum og óheimilt að raska þeim á nokkurn hátt án leyfis Fornleifaverndar ríkisins. Einnig vantar hér umfjöllun um svæði B, C og D.

bls. 12 kafli 5.2 Auðlindir. Hér segir að mannvirkjagerð, orkuöflun og byggðaþróun taki mið af náttúruvernd, skynsamlegri nýtingu og þeim tækifærum sem felast í náttúrufræðilegri sérstöðu svæðisins á heimsvísu. Hér vantar algerleg umfjöllum um áhrif á menningarminjar.

bls. 17. kafli 5.3 Veitur og samgöngur. Ekkert fjallað um möguleg áhrif á menningarminjar.

bls. 19. kafli 5.4 Flugvallarsvæðið. Hér er tekið fram að ekki sé um að ræða friðlýstar fornleifar á svæðinu. Bent skal á að allar fornleifar eru friðaðar skv. ákvæðum Þjóðminjalaga og óheimilt að raska þeim á nokkurn hátt án leyfis Fornleifaverndar ríkisins.

Nánari upplýsingar fást hjá Fornleifavernd ríkisins.

Virðingarfyll

Stefán Gunnar Thors VSÓ

From: hordur einarsson <hordur@rocketmail.com>
Sent: 13. september 2012 12:49
To: oto@sandgerdi.is
Cc: Ásgeir Eiríksson
Subject: Athugasemd við tillögu að svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024

Fyrir hönd Reykjaprents ehf., kt. 700366-0149, eins eiganda Heiðarlands Vogajarða (landnúmer 206748), geri ég undirritaður eftirfarandi athugasemd við ofangreinda tillögu:

Áformað vatnsverndarsvæði innan landsins er að okkar áliti til mikilla muna of stórt, óþarflega stórt, enda eru engin rök færð fyrir því að leggja meginhluta lansdins undir vatnsvernd. Það er álit okkar, að hið áformaða vatnsverndarsvæði sé að minnsta kosti helmingi of stórt, þótt varúðarsjónarmiða sé að fullu gætt. Er það tillaga okkar, að sá hluti landsins, sem liggur næst Reykjanesbraut (ofan brautar) verði undanskilinn vatnsvernd og verði til framtíðar ætlaður til íbúðarbyggðar og/eða sem athafnasvæði.

Með tillögu þessari virðist að því stefnt, að land okkar verði gert eigendunum að mestu ónýtanlegt og að mestu leyti lagt undir opinberar kvaðir, lagnaleiðir og vatnsvernd. Ganga þessi vinnubrögð gegn öllum eðlilegum sjónarmiðum við skipulag á landi í einkaeigu, og er tillögunni því mótmælt.

Afrit athugasemdar þessarar er sent Sveitarfélaginu Vogum.

Virðingarfyllst,
f.h. Reykjaprents ehf.,

Hörður Einarsson

Hörður Einarsson
hæstaréttarlögmaður
Seljugerði 9, 108 Reykjavík
tel. +354 568 4969
hordur@rocketmail.com

Stefán Gunnar Thors VSÓ

From: Ólafur Þór Ólafsson <oto@sandgerdi.is>
Sent: 14. september 2012 09:16
To: Stefán Gunnar Thors VSÓ
Subject: FW: Svæðisskipulag Suðurnesja

Sæll Stefán

Áframsendi neðangreint til þín.

Kv.
ÓÞÓ

From: Andri Rúnar Sigurðsson [mailto:andrigamli@gmail.com]
Sent: 13. september 2012 19:14
To: oto@sandgerdi.is
Subject: Svæðisskipulag Suðurnesja

Athugasemdir við tillögu að Svæðisskiðulagi Suðurnesja.

Svæði C, Atvinnusvæði Keilisnesi.

Svæðið nær yfir land Stóru – Vatnsleysu þar sem m.a. er íbúðabyggð sem gera þarf ráð fyrir og jafnframt að atvinnusvæðið nái suður fyrir Reykjanesbraut sem er í samræmi við hugmyndir landeigenda um uppbyggingu á svæðinu. Svæðið er skilgreint sem svæði fyrir stóriðju og orkufreka starfssemi og nær það yfir miklu stærra svæði en Aðalskipulag Voga gerir ráð fyrir. Benda má á hugmyndir sveitarfélagsins um aðra uppbyggingu á svæðinu, sem er uppbygging matvælaiðnaðar og verður ekki séð að sú uppbygging samrýmist stóriðju.

Vatnsvernd.

Tillagan samræmist ekki Aðalskipulagi Voga en skv. því nær vatnsvernd ekki norður fyrir Reykjanesbraut í landi Stóru - Vatnsleysu og Hvassahrauns. Auk þess sem núverandi vatnsverndarsvæði sem nær allveg að Reykjanesbraut er óþarflega stórt að okkar mati og þarf að færast til suðurs.

Virðingarfyllst,

f.h. landeigenda,

Sæmundur Þórðarson

Stóru – Vatnsleysu

Vatnsleysuströnd

Sauðafell sf.
Meistaravöllum 31
107 Reykjavík
kt. 590204-3150

Reykjavík, 19. september 2012

Svæðisskipulag Suðurnesja
Bæjarskrifstofur Sandgerðisbæjar
Vörðunni Miðnestorgi 3
245 Sandgerði

Athugasemdir við tillögu að svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2025

Undirritaður aðili er eigandi að jörðinni Hvassahrauni 130857 (fastanúmer 209-6136).

Athygli okkar hefur verið vakin á ofangreindri tillögu, en auglýsing um hana hafði farið fram hjá okkar.

Að svo stöddu viljum koma eftirfarandi athugasemd á framfæri við tillöguna.

Það vatnsverndarsvæði innan Hvassahraunslands, sem tillagan gerir ráð fyrir, er að okkar mati allt of stórt. Engin rök hafa verið færð fyrir því að hafa svæðið svo stórt sem lagt er til, í rauninni er öllu landinu ætlað að fara undir vatnsvernd. Það er álit okkar, að hið áformaða vatnsverndarsvæði sé að minnsta kosti að ¾ hlutum of stórt, ekki síst þegar það er einnig haft í huga, hversu rík vatnsvernd er lögð á Vatnsleysuströndina alla. Telja verður, að draga megi til muna úr þessari kvöð til samræmis við raunsæjar þarfir. Lagt er til, að sá hluti landsins, sem undanþeginn verður vatnsvernd samkvæmt tillögu okkar verði til framtíðar ætlaður til íbúðarbyggðar og/eða sem athafnasvæði.

Það er mat okkar, að með tillögunni að svæðisskipulagi virðist að því stefnt, að land okkar verði gert eigendunum að mestu ónýtanlegt og að mestu leyti lagt undir opinberar kvaðir, lagnaleiðir og vatnsvernd. Teljum við þessi vinnubrögð ganga gegn öllum eðlilegum sjónarmiðum við skipulag á landi í einkaeigu, þ. á m. meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, og er tillögunni því mótmælt.

Fyrir hönd Sauðafells sf.,

Guðm. H. Gíslason. Hugi Hreiðarsson

Afrit: Sveitarfélagið Vogar

Stefán Gunnar Thors VSÓ

From: Ólafur Þór Ólafsson <oto@sandgerdi.is>
Sent: 14. september 2012 09:18
To: Stefán Gunnar Thors VSÓ
Subject: FW: Athugasemd við tillögu að svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024

Sæll

Rétt að senda þetta líka áfram til þín (sjá tölvupóst hér að neðan).

Kv.
ÓÞÓ

From: Páll Arnór Pálsson [mailto:pall@pacta.is]
Sent: 13. september 2012 23:18
To: oto@sandgerdi.is
Cc: asgeir@vogar.is; hordur einarsson; Særún Jónsdóttir; Ólafur Þór Jónsson; Sigríður S Jónsdóttir; Guðrún Egilsdóttir
Subject: Athugasemd við tillögu að svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024

Til samvinnunefndar um svæðisskipulag á Suðurnesjum.

Í dag sendi Hörður Einarsson til yðar svofelldar athugasemdir við tillögu að svæðisskipulagi Suðurnesja:

Fyrir hönd Reykjaprents ehf., kt. 700366-0149, eins eiganda Heiðarlands Vogajarða (landnúmer 206748), geri ég undirritaður eftirfarandi athugasemd við ofangreinda tillögu:

Áformað vatnsverndarsvæði innan landsins er að okkar áliti til mikilla muna of stórt, óþarflega stórt, enda eru engin rök færð fyrir því að leggja meginhluta lansdins undir vatnsvernd. Það er álit okkar, að hið áformaða vatnsverndarsvæði sé að minnsta kosti helmingi of stórt, þótt varúðarsjónarmiða sé að fullu gætt. Er það tillaga okkar, að sá hluti landsins, sem liggur næst Reykjanesbraut (ofan brautar) verði undanskilinn vatnsvernd og verði til framtíðar ætlaður til íbúðarbyggðar og/eða sem athafnasvæði.

Með tillögu þessari virðist að því stefnt, að land okkar verði gert eigendunum að mestu ónýtanlegt og að mestu leyti lagt undir opinberar kvaðir, lagnaleiðir og vatnsvernd. Ganga þessi vinnubrögð gegn öllum eðlilegum sjónarmiðum við skipulag á landi í einkaeigu, og er tillögunni því mótmælt.

Afrit athugasemdar þessarar er sent Sveitarfélaginu Vogum.

Umbjóðendur mínir, þau Ólafur Þór Jónsson, Sigríður S. Jónsdóttir, Særún Jónsdóttir og Guðrún Egilsdóttir sem öll eru einnig eigendur að Heiðarlandi Vogajarða hafa beðið mig að koma sömu athugasemdum á framfæri við samvinnunefndina.

Reykjavík 13. sept. 2012,

Páll Arnór Pálsson hrl.

PACTA LÖGMENN

Laugavegi 99 | 101 Reykjavík
Sími 440 7900 | Fax 440 7901